



1. Til að fá nálgast útboðsgögn er byrjað á því að fara á *Útboð* á heimasíðu Akureyrarbæjar <https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/utbod/utbodsvefur>
2. Í borðanum hægra megin er valið annað hvort *Auglýst útboð* eða *Auglýst útboð lóða* eftir því sem við á. Þarna er að finna öll auglýst útboð hjá Akureyrarbæ. Smellt er á auglýsinguna fyrir útboðið sem þú vilt taka þátt í.
3. Í auglýsingunni er að finna hlekk á slóðina til að sækja útboðsgögnin. Smellt er á hlekkinn - þá kemur upp innskráningargluggi fyrir rafræn skilríki. **Athugið að nauðsynlegt er að skrá sig inn á eigin rafrænum skilríkjum til að geta skrifað undir tilboð fyrir hönd fyrirtækisins rafrænt.**
4. Þegar þú ert búin/inn að skrá þig inn opnast einfalt form sem heitir *Beiðni um gögn*. Það er fyllt út og sent inn.
5. Þegar formið hefur verið sent kemur upp staðfestingarnúmer.

Umsókn móttakin.

Umsókn þín hefur verið send og mun birtast undir **Málin mín** þegar móttaka hennar hefur verið staðfest. Þú getur svo fylgst með afgreiðslu málsins undir **Málin mín**.

Staðfestingarnúmer:
Góð regla er að skrifa hjá sér staðfestingarnúmerið.

6. Hægt er að smella beint á hlekkinn *Málin mín* í staðfestingunni hér að ofan til komast í listann yfir þín mál á Þjónustugáttinni. Einnig er hægt að opna *Málin mín* með því að smella á þau í borðanum vinstra megin á Þjónustugáttinni.
7. Þegar þú ert kominn í *Málin mín* smellirðu á takkann aðgerðir við *Beiðni um útboðsgögn*:

2023111043	Beiðni um útboðsgögn			23.11.2023	Aðgerðir
------------	----------------------	--	--	------------	-----------------

8. Þá kemur upp þessi gluggi:

Málin mín - Aðgerðir

Heiti	Beiðni um útboðsgögn
Ábyrgðaraðili	
Málsaðili	
Heiti	Þáttökubeiðni -

Þarna er hægt að smella á *Þáttökubeiðni – Heiti útboðs* og þá opnast einfalt eyðublað til að senda inn beiðni um þátttöku

9. Þegar búið er að fylla út þáttökubeiðnina og senda hana inn kemur aftur upp staðfestingargluggi. Eins og áður er hægt að fara beint í *Málin mín* úr staðfestingarglugganum.

Einnig er hægt að opna *Málin mín* með því að smella á þau í borðanum vinstra megin á Þjónustugáttinni.

10. Þegar þú ert kominn í *Málin mín* smellirðu á aðgerðahnappinn við *Þáttökubeiðni*:

2023111044 Þáttökubeiðni í útboði 23.11.2023 **Aðgerðir**

11. Þá kemur upp þessi gluggi:

Málin mín - Aðgerðir

Heiti	Þáttökubeiðni í útboði
Ábyrgðaraðili	
Málsaðili	
Heiti	Tilboð -

Þarna er hægt að smella á *Tilboð – heiti útboðs* og þá opnast eyðublað til að senda inn tilboð

Tilboðið þarf að undirrita með rafrænum skilríkjum og þegar því er lokið hefur tilboðið formlega verið sent inn.